krefjast þess, að sá, sem mótmælir réttmæti þeirra, eigi um það sönnunarbyrði.

Í máli þessu verður að telja það fullvíst, að gerðarþoli hafi ætlast til, að orlofsfé væri innifalið í ákvæðisvinnugreiðslum hans til gerðarbeiðanda á árunum 1977 og 1978. Það hefur samt ekki verið leitt í ljós, að gerðarbeiðandi hafi samþykkt það eða verið um það kunnugt. Hefur gerðarþola því ekki lánast sú sönnun, sem krefjast verður gegn lögtakskröfu. Slíkur greiðslumáti hefði svo og brotið í bága við ákvæði 11. gr. laga 87/1971, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 150/1972 um orlof. Verður af þessum ástæðum að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, og verður lögtak látið fara fram hjá gerðarþola í samræmi við kröfugerð gerðarbeiðanda að öðru leiti en því, að dráttarvaxtakrafan er ekki tekin til greina, þar sem ekki verður séð, að henni fylgi lögtaksréttur.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Fínpússningu s/f, til tryggingar kr. 381.192 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 254.994 frá 1. maí 1978 til 1. maí 1979 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 381.192 til 1. júní 1979 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagurinn 23. nóvember 1981.

Nr. 236/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi ríkissjóðs.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 18. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald, sem Birgi Kristjánssyni húsaviðgerðarmanni, til heimilis að Teigaseli 7 hér í borg, fæddum 22. október 1944, var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 11 september síðastliðinn, gert að sæta og rennur út kl. 1700 í dag, verði framlengt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700. Er krafan byggð á ákvæðum 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Þann 11. september sl. var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 18. nóvember 1981, kl. 1700. Úrskurði þessum skaut kærði til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi, uppkveðnum þann 16. september sl. Var úrskurðurinn byggður á 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Einnig voru í úrskurðinum talin upp þau mál, sem til rannsóknar voru hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur kærða, og sakarferill kærða rakinn. Síðastliðinn 5 ár hefur kærði verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi, og á árunum 1966—1975 hefur hann verið dæmdur í samtals 58 mánaða fangelsi. Hefur kærði því á ferli sínum 9 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist (fangelsi) í samtals 80 mánuði fyrir skjalafals og auðgunarbrot auk nokkurra annarra brota. Þá hefur kærði verið dæmdur í varðhald, hlotið skilorðsbundna fangelsisdóma og gengist undir sektargreiðslur.

Nú er til meðferðar hjá dóminum ákæra, dagsett 11. nóvember

sl., þar sem kærði er ákærður fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Ákæran er óbirt.

Með dómi, uppkveðnum þann 26. október sl., var kærði dæmdur í 9.000 kr. sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Kærði hefur áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar Íslands.

Kærði hefur áfrýjað til Hæstaréttar Íslands dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. desember 1980 og 26. júní 1981, 4 mánaða og 12 mánaða fangelsi, óskilorðsbundið.

Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara verður fyrrnefnda málið flutt í Hæstarétti Íslands þann 7. desember nk., en hið síðara væntanlega í janúar 1982.

Með bréfi, dagsettu 23. október sl., sendi rannsóknarlögregla ríkisins 13 kærur á hendur kærða til ríkissaksóknara til ákvörðunar, og eru þau mál nú þar til umfjöllunar. Varða kærur þessar einkum ætluð brot kærða á 155. og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og þar sem kærði hefur sýnt það þrátt fyrir sífelldar kærur og lögregluranns6kn af þeim ástæðum, að veruleg hætta er á því, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan málum hans er ekki lokið, verður að telja, að enn séu fyrir hendi skilyrði til þess að beita kærða gæsluvarðhaldi áfram, enda lýkur málum kærða ekki fyrr en hæstaréttardómar falla í þeim.

Verður því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 tekin til greina krafa rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald kærða, Birgis Kristjánssonar, er framlengt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.